

Búnaðarbanki Íslands hf.

Búnaðarbanki Íslands tók til starfa 1. júlí 1930 en var breytt í hlutfélag 1997 og skráður á markað ári síðar. Hann er í dag fjölmennasta hlutfélag landsins með um 24.500 hlutahafa en þriðjungur þjóðarinnar keypti á sínum tíma hlut í bankanum.

Búnaðarbankinn er þriðji verðmætasti banki landsins og við lokun Kauphallar Íslands í gær nam markaðsverðmæti hans 25,2 milljörðum króna.

Banki	Gengi	Nafnverð hlutfjár	Markaðsverð
Búnaðarbankinn	4,66	5.418.214.020	25.248.877.333
Landsbankinn	3,6	6.845.703.621	24.644.533.036
Íslandsbanki	4,68	9.500.000.000	44.460.000.000
Kaupþing	136	215.073.706	29.250.024.016

Heildaruppgjör fyrir 2002 hefur ekki verið birt en ríflega tveggja milljarða króna hagnaður var af rekstri Búnaðarbankans á fyrstu þremur ársfjórðungunum og rekstraráætlun gerði ráð fyrir um þriggja milljarða króna hagnaði fyrir skatta allt árið í fyrra. Eigið fé BÍ var 14,9 milljarðar króna í lok september sl. og eiginfjárlutfall samkvæmt CAD-reglum var 10,9%.

Hraður vöxtur hefur einkennt starfsemi Búnaðarbankans síðustu árin og hefur hann aukið hlutdeild sína allnokkuð í samanburði við keppinautana, Landsbankann og Íslandsbanka, eins og sést á meðfylgjandi súluriti.

Heildareignir bankans námu um 244 milljörðum króna í lok september sl., sem svarar til 88% af heildareignum Landsbankans en árið 1996 námu heildareignir BÍ 49% af heildareignum Landsbankans.

Afgreiðslustaðir Búnaðarbankans eru nú 36 og stöðugildi í bankanum og dótturfyrirtækjum hans, Lýsingu og Búnaðarbanki International í Lúxemborg, eru 775 talsins.

